

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent í gegnum samráðsgátt Alþingis

Reykjavík, 26. mars 2024

Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um brottfall laga um orlof húsmæðra, 94. mál

Kvenréttindafélag Íslands skilaði inn umsögnum um þetta mál á fyrri þingum. Engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu, og því skilum við hér með efnislega sömu umsögn um frumvarpið.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands er í grundvallaratriðum sammála því að afnema lög um orlof húsmæðra í núverandi mynd.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan löggin voru sett og þótt enn sé langt í land að jafnrétti kynja sé náð, ekki síst með tilliti til efnahags og kaupgetu, þá er staða kvenna á vinnumarkaði sem og staða karla innan heimilanna gjörbreytt frá þeim tíma sem löggin voru sett.

Kvenréttindafélag Íslands leggst þó gegn því að lög lík þeim sem hér um ræðir, lög sem tryggja ákveðin réttindi kvenna, séu afnumin án þess að gert sé ráð fyrir því að þeir fjármunir sem sparast með afnámi laganna verði nýttir áfram í þágu kvenna og í þágu jafnréttis kynjanna.

Meginábyrgð á rekstri heimila hvílir enn á herðum kvenna og konur taka sér, mun frekar en karlar, hlé frá launuðum störfum til að sinna heimili og fjölskyldu. Þá er launamunur kynja enn staðreynd og afar hægt þokast í átt að því að sá munur hverfi. Staðreyndin er því sú að ævilaun kvenna, og þar af leiðandi lífeyrisréttindi þeirra, eru mun lægri en karla.

Þetta ójafnvægi mætti leiðrétta að hluta með því að tryggja heimavinnandi einstaklingum rétt til lífeyristöku, en konur eru yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem eru heimavinnandi.

Kvenréttindafélag Íslands leggur til að samhliða afnámi laga um orlof húsmæðra verði sett á lög um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks. Þeim fjármunum sem sveitarfélögin hafa hingað til veitt til orlofs húsmæðra, 100 kr. á hvern íbúa sveitarfélagsins, verði ráðstafað þannig að einstaklingar sem ekki hafa

aflað sér lífeyrisréttinda á almennum vinnumarkaði heldur sinnt ólaunuðu starfi innan heimilis við umönnun barna eða annarra fjölskyldumeðlima eigi rétt á lífeyri umfram lágmarkstryggingu þegar lífeyrisaldri er náð.

Tatjana Latinovic

Tatjana Latinovic
formaður Kvenréttindafélags Íslands